



## FUNDARGERÐ 493. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 20. febrúar 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:37. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

**Fundarstjóri:** Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fund:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Erindi frá áhættunefnd – áhættuskrá og helstu áhættur í rekstri

Svana Helen kynnir áhættuskrá SORPU og fyrirkomulag áhættumats áhættunefndar.

#### 2. Ársuppgjör SORPU bs. fyrir árið 2023

Aðalbjörg Sigurpórsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, og Theodór S. Sigurbergsson endurskoðandi hjá Grant Thornton, taka sæti á fundinum klukkan 07:45.

Theodór gerir grein fyrir drögum að ársreikningi SORPU fyrir árið 2023.

Guðfinnur Sigurvinsson tekur sæti á fundinum klukkan 08:05.

Aðalbjörg vísar af fundi klukkan 08:42.

#### 3. Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar

Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar SORPU, tekur sæti á fundinum klukkan 08:50. Lárus gerir grein fyrir starfsskýrslu endurskoðunarnefndar SORPU.

Lárus og Theodór víkja af fundi klukkan 09:07.

#### 4. Starfsáætlun stjórnar

Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, tengist fundinum með fjarfundarbúnaði 09:07. Ísól kynnir drög að starfsáætlun stjórnar fyrir yfirstandandi ár.

Ísól aftengist fundi 09:21.



### Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 5. mars klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:21.